

Alþingi
Erindi nr. P 139/139
komudagur 8.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Reykjavík, 5. nóvember 2010

UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

139. löggjafarþing 2010-2011.

Þskj. 25 – 25. mál. Tillaga til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Vísað er til fyrri umsagnar samtakanna um sama mál til Efnahags- og skattanefndar, dags. 7. júlí 2009, ásamt þar tilgreindum fylgiskjölum. Þar sagði meðal annars:

Ráðgjafarstofa fyrirtækja er sjálfsagt þarfþing, sem stuðningur við atvinnulífið í þrengingum, að þeim forsendum gefnum að ráðgjöfin snúist um fyrirtækin sjálf, en ekki hagsmuni fjármálafyrirtækja.

Samtökin telja slíka ráðgjafarstofu, sem einbeiti þjónustu sinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum framfaraskref, enda eru slík fyrirtæki oft samofin persónulegum högum forráðamanna þeirra, þar sem rekstrarveð hvíla oft á heimilum þeirra. Þegar fyrirtæki teljast meðalstór ætti að gera fortakslausu kröfu um að öll veðbönd hvíli eingöngu á rekstri, en ekki heimilum forráðamanna. Ljóst er að margar litlar rekstrareiningar eru beinlínis inni á heimilum svo sem hjá bændum, dagmæðrum, listafólki, hönnuðum og fleirum, auk þess sem margir minni rekstraraðilar nota heimilin sem skrifstofu og pósthöfn, svo sem leigubílstjórar, smábátasjómenn, sjálfstæðir iðnaðarmenn, einkaþjálfarar og fleiri. Þess konar rekstrareiningar byggja á meiri fagþekkingu en rekstrarþekkingu og þurfa því meiri aðstoð en stærri fyrirtæki með sérmenntað fólk í fjármálafræðum í stjórn og stýringu fyrirtækja. Vegna hlutfallslegs mikils fjölda smárra og meðalstórra fyrirtækja hérlendis er tekið undir þörf fyrir slíka ráðgjafarstofu. Hafa verður í huga að allar tapaðar kröfur milli fyrirtækja kalla á hækkun vaxtakjara og verðlags, til að mæta afföllunum, sem svo leiðir til verri lánskjara, verð- og skuldahækkana fyrir almenna neytendur og heimilin vegna verðtryggingar. Því er mikils virði að fækka þeim tilfellum sem lenda í þroti og auka á gæði rekstrar líttilla og meðalstórra rekstrareininga með ráðgjöf og greiðsluferðleikaaðstoð.

Lánskjör hafa gríðarleg áhrif á rekstrarskilyrði heimila og fyrirtækja. Í árslok 2008 voru um 70% allra skulda fyrirtækja og stofnana erlendar og gengistryggðar, sem er skír áfellingdómur um innlend láns- og vaxtakjör. Aukna alþjóðlega samkeppni um markaði, starfsfólk, rekstrareiningar og lánskjör verður að taka alvarlega. Því er lykilatriði að koma skikki á innlend lánskjör og hlúa að litlum og meðalstórum rekstrareiningum.

Taka þarf fyrir kennitölufلاكk íslenskra rekstraraðila. Það er einkennilegt að einstaklingur sem neyðist til að gera upp rekstur sinn, eða keyrir hann í þrot vegna þungar stöðu getur samtímis verið í forsvari fyrir mörg önnur fyrirtæki og félög eða samstundis hafið rekstur undir nýrri kennitölu. Þetta lífst ekki í samanburðarlöndum, er íhugunarefni í ljósi stöðu efnahagslífsins og ætti að endurskoða með það að leiðarljósi að auka á ábyrgð lögaðila til vandaðri rekstrar. Eins og einstaklingur verður óhæfur til nokkurra fjárskuldbindinga þurfi hann að ganga í gegnum gjaldþrot í ákveðinn tíma, mætti hugsa sér að ábyrgðarmönnum fyrirtækja sem þeir stýra í þrot verði fyrirgert að gangast í ábyrgðir fyrir rekstri að nýju, þar til að ákveðnum fyrningartíma liðnum. Íhuga þarf hvort ábyrgð þrotarekstrar eins fyrirtækis leiði til vanhæfis stjórnar í öðrum fyrirtækjum. Allur kostnaður af þrotarekstri fyrirtækja,

lendir út í almennu verðlagi, til aukins kostnaðar fyrir heimilin og skekkir samkeppniskjör hagkerfisins sem heildar við önnur hagkerfi. Því ber að stuðla að meiri ábyrgð í rekstri fyrirtækja, með sérstaka áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki.


Fyrirtæki hafa almennt fleiri úrræði til að mæta hallarekstri en einstaklingar. Engu að síður þarf að taka á gríðarlegri skuldsetningu og forsendubresti lánasamninga lítilla og meðalstórra fyrirtækja með varanlegum leiðréttingum lána, hvort sem er gengistryggðra eða verðtryggðra. Atvinnulíf og heimili eru tvær af grunnstoðum þjóðfélagsins, þær þurfa hvor um sig að vera heilbrigðar – óbrotnar og ófúnar, til að þær geti að nýju náð styrk sínum og í sameiningu að nýju farið að halda hagkerfinu og þjóðfélaginu uppi og gangandi, ekki síður en opinbera stoðin (ríki og sveitarfélög) og fjármálakerfisstoðin. Ekki dugar að stjórnvöld hugsi nær eingöngu um þær tvær síðarnefndu. Lítil og meðalstór fyrirtækin hafa að mestu setið á hakanum, meðan þau stóru hafa mörg fengið verulega aðstoð. Þau hafa verið í bið eða fengið tilviljanakennda afgreiðslu hjá fjármálafyrirtækjunum sem er þeim, eigendum þeirra og okkur öllum dýr. Hraða þarf úrvinnslu skulda- og greiðsluvandamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem kostur er. Fyrst þarf almennar og varanlegar lausnir fyrir fyrirtækin jafnt sem heimilin, auk sértækra aðgerða ef og þar sem þær almennu duga ekki.

Það ætti að vera skýrt hlutverk Seðlabanka Íslands að hafa yfirumsjón yfir ástandi allra grunnstoða hagkerfisins, vegna áhrifa stöðu fyrirtækja og heimila á greiðslumiðlun úr landinu, skuldbindingar og tekjur ríkisins og fjármálastöðuleika í landinu.

Sem fyrr segir er að öðru leyti vísað í fyrri umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um sambærilega þingsályktunartillögu um þetta þarfa mál. Hún fylgir þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, ritari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is



Reykjavík, 7. júlí 2009

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

**Tillaga til þingsályktunar, þingskjal 147- 116. mál
Um ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum**

Hagsmunasamtök heimilanna vilja byrja á að þakka sýnt traust til að veita Efnahags- og skattanefnd umsögn um ályktunina.

Meginefni ályktunarinnar er tillaga um stofnun ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, er starfi með svipuðum hætti og ráðgjafastofa heimilanna, að fyrirmynd sambærilegrar stuðningsþjónustu víða í löndum Evrópu.

Hagsmunasamtök heimilanna benda á að skuldastaða atvinnulífsins hefur þrefaldast frá árinu 2004, frá því að bankarnir hófu „útrás“ sína og í lok 2008 voru um 70% af skuldum atvinnulífsins gengistryggðar eða beinar erlendar skuldir. Ljóst er að tekjur atvinnulífsins eru að töluverðu leiti í annarri mynt, en þó engan veginn í samræmi við hátt hlutfall gengistryggðra skulda atvinnulífsins. Telja samtökin ljóst að atvinnulífið telji sig ekki hafa ráð á innlenda verðtryggða lánakerfinu, hafi hafnað því og hafi leitað einhliða í annað kerfi sem það mat viðráðanlegra, í æ meiri mæli undanfarin ár. Gríðarleg og aukin skuldsetning atvinnulífsins á útrásartíma bankanna hlýtur að vera eigið rannsóknar- og umfjöllunarefni, en hefur óneytanlega áhrif á stöðu og möguleika atvinnulífsins í dag.

Ráðgjafastofa heimilanna er, nú eftir eflingu þjónustunnar, að megninu til mönnuð starfsfólki úr fjármálagéiranum sem gætir einna helst hagsmuna fjármálakerfisins í að finna úrræði sem gera lántakendum kleift að taka á sig stökkbreytta hækkun höfuðstóla þeirra skuldbindinga sem upphaflega var samið um, þannig að útlánatap fjármálastofnana verði lámarkað. Það er hrein blekking að um sé að ræða hagsmunagæslu lántakenda.

Fjármögnunarkostnaður atvinnulífsins, á verðtryggðum kjörum er alls óviðunandi, enda er atvinnulífið og meðvitað um æ umfangsmeiri samkeppni við erlenda markaði, bæði gagnvart neytendum og einnig í þjónustu og viðskiptum fyrirtækja á milli. Þannig var á sínum tíma háð verðstrið um smásöluvörur, þegar fjölskyldur landsins höfnuðu innlendri álagningu og streymdu úr landi í helgarferðir til verslunar. Undanfarin ár hefur hvert vígið fallið á fætur öðru, þar sem neytendur hafa hafið eigin innflutning á bílum, húsbúnaði, tækjum, afþreyingu, osfrv., eða sótt annað eftir þjónustu, viðskiptum, lækninga og menntun. Atvinnulífið sjálft hefur einnig verið í beinni samkeppni við erlenda markaði, þar sem flugfélög og skipafélög manna áhafnir með erlendu vinnuafli, fjármagna sig erlendis, kaupa búnað og kost erlendis, jafnvel heilu húsin hafa undanfarin ár verð flutt heil til landsins. Á allra síðustu árum var jafnvel veitingahúsageirinn í beinni samkeppni við sambærilegan rekstur í nágrennaríkjunum. Ferðþjónustan er einnig í beinni samkeppni við aðra markaði, bæði um innlenda og erlenda ferðamenn. Það sama á við iðnaðinn, sjávarútveginn og landbúnað. Mikil áhersla undanfarin ár á fjármálastarfsemi hefur haft gríðarleg áhrif á sveiflur á skráningu krónunnar, sem beint sjónum margra fyrirtækja að gengishagnaði umfram afkomu hefðbundins rekstrar. Áhersla á aukið sjóðsstreymi og skammtímahagnað fjármálastofnana, sem hefur tekið sér beina

samkeppnisstöðu við aðrar greinar atvinnulífsins, hefur í raun grafið undan eiginlegri fjármunamyndandi, virðisaukandi og gjaldeyrisskapandi atvinnustarfsemi í landinu.

Ráðgjafastofa fyrirtækja er sjálfsagt þarfaping, sem stuðningur við atvinnulífið í þrengingum, að þeim forsendum gefnum að ráðgjöfin snúist um fyrirtækin sjálf, en ekki hagsmuni fjármálafyrirtækja.

Það þarf þó mun meira til að skapa skilyrði til endurreisnar atvinnulífsins. Slík þjónusta mun td. ekki snúa ofan af síharðnandi alþjóðlegri samkeppni, ferðamöguleikum og tækni. Ljóst er að jafna verður lána og rekstrarkjör fyrirtækja og heimila gagnvart þeim kjörum sem almennt tíðkast í nágrannalöndum okkar. Grafalvarleg skuldastaða heimilanna mun gera uppbyggingu atvinnulífsins mjög erfitt fyrir, þar sem kaupmáttur fer hratt þverrandi, greiðslugeta veðskulda heimilanna er í á tæpasta vaði og veðrymi til nýrra fjárskuldbindinga er í sögulegu lámarki. Vegna hás hlutfalls verðtryggðra veðskulda heimilanna mun sú staða eingöngu versna á komandi misserum, nema gripið verði til tafarlausra leiðréttandi aðgerða, til að skapa atvinnulífinu uppbyggilegan heimamarkað. Versni skilyrði enn frekar eykst hættan á að stór endamarkaður atvinnulífsins (heimilin) gefi sig, sem muni þrengja verulega að þjónustukeðju fyrirtækjanna. Verði ekki tekið á skuldastöðu heimilanna óttast samtökin að það muni einnig skila sér í gríðarlegum verðbólguþrýstingi vegna launakrafna í beinu framhaldi kreppunnar, sem mun gera samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði atvinnulífsins enn erfiðar fyrir. Einnig er hætta á landflóttu bæði heimila og fyrirtækja vegna slæmra skilyrða.

Einnig verður að breyta áherslum í starfsemi fjármálafyrirtækja, gera þau meðábyrg fyrir efnahagsstöðugleika og að raunverulegum bakhjörllum atvinnulífs og heimila.

Hagsmunasamtök heimilanna telja sýnt að bein tengsl eru milli fjárhagslegar þróunar heimilanna rekstrarskilyrða atvinnulífsins. Tafarlaus endurskoðun á verðtryggðra lánakerfinu er lykilatriði í aðgerðum til endurreisnar samfélagsins, bæði fyrir heimilin og atvinnulífið.

Stjórn samtakanna bendir á að allar 4 grunnstoðir samfélagsins; þ.e. heimilin, atvinnulífið, fjármálakerfið og hið opinbera verði að komast í gegnum þessar hremmingar og því verði að meta áhrif boðaðra efnahagsaðgerða á allar stoðirnar, bæði til skemmri og lengri tíma.

Með umsögn þessari eru fylgiskjöl sem skýra áherslu- og sáttarsjónarmið samtakanna í málefnum heimilanna, auk greina sem setja stöðu heimilanna í skýrara ljós.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunsasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Friðrik Ó. Friðriksson

Marínó G. Njálsson

Fylgiskjöl:

HH Samfélagssáttmáli 090605 m fb

HH Er ábyrgðin heimilanna – 18052009-2

HH Skuldastaða heimilanna – MGN 2009-7

HH Skuldir við lánakerfið 090526

HH Viðhorfskönnun-1 félagsmanna 2009-6

Fjárlaganefnd 03072009